

14/08/2024

## Heilir og sælir nemendur í dreifnámi

Nú fer óðum að stytast í upphaf skóla. Verkmenntaskóli Austurlands verður settur mánudaginn 19. ágúst og er gert ráð fyrir að fyrsti kennsludagur í dreifnáminu verði þriðjudaginn 20. ágúst.

Á þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum, kl. 17 – 21 eru kennarar til staðar á verkstæðum til að aðstoða nemendur við vinnu sína.

Hér má sjá skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025. Kvöldtímarnir fylgja dagatalinu.

Til að fara yfir fyrirkomulag námsins viljum við bjóða ykkur til kynningarfundar þriðjudaginn 20. ágúst kl. 17:00. Fundurinn verður haldinn í stofu 22 á efri hæð í verknámshúsi.

Kynningarfundurinn er sérstaklega hugsaður fyrir þá sem eru að hefja dreifnám – en eldri nemendur eru að sjálfsögðu velkomnir líka.

### Dagskrá:

- Skólameistari opnar fundinn
- Birgir Jónsson, aðstoðarskólameistari, gerir grein fyrir hlutverki sínu í nemendaþjónustu.
- Guðný Björg Guðlaugsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, fer yfir þá þjónustu sem stendur nemendum til boða.
- Viðar Guðmundsson, kerfisstjóri og kennari í rafiðngreinum fer yfir aðganga í [Innu](#) og á [Kennsluvef](#) ásamt því að kynna þessi kerfi lauslega.
- Hildur Dröfn Guðmundsdóttir, deildarstjóri í rafiðndeild fer yfir fyrirkomulag námsins.

Kær kveðja

**Eydís Ásbjörnsdóttir**

Skólameistari